


Nr.: STS-015	Menntaskólinn við Sund	
Útgáfa: 01		
Dags.: 15.05.2024		
Höfundur: HSP	Mannauðsstefna	
Samþykkt:		
Síða 1 af 3		

Mannauðsstefna Menntaskólans við Sund

Mannauðsstefna Menntaskólans við Sund tekur til alls starfsfólks skólans. Mannauðsstefnan miðar að því að fá til starfa, rækta og viðhalda þeim mannauði sem nauðsynlegur er til að skólinn nái að uppfylla tilgang sinn og markmið. Leitast skal við að tryggja að starfsemin endurspegli þau gildi sem skólinn vinnur eftir.

Skólinn vill vera framsækinn og eftirsóttur vinnustaður fólks sem af fagmennsku og metnaði vill stuðla að farsæld ungmenna og veita gæðamenntun. Það er stefna skólans að vera traustur vinnustaður þar sem jafnrétti er haft að leiðarljósi og skólabragur einkennist af heiðarleika og virðingu. Skólinn vill tryggja starfsfólki sínu góð starfsskilyrði, hvetja til nýbreytni í kennsluháttum og styðja við starfsþróun kennara og annars starfsfólks. Öll störf í skólanum skulu auglýst samkvæmt lögum um opinber störf og vönduð stjórnsýsla höfð að leiðarljósi.

EINKUNNARORÐ SKÓLANS: VIRÐING-JAFNRÉTTI-ÁBYRGÐ-HEIÐARLEIKI

Þættir sem styðja við mannauðsstefnu skólans:

Ráðningar og starfslok:

Ráðningarferlið miðar að því að ráða til starfa hæfasta umsækjenda hverju sinni og framfylgja lögum og reglum. Við ráðningar skal leitast við að fá fólk sem er líklegt að samsama sig og vinna í takt við gildi skólans. Ráðningarferlið skal efla faglega ímynd skólans og upplýsa skal umsækjendur um stöðu umsóknar svo fljótt sem auðið er.


- Taka skal þannig á móti nýju starfsfólki að það nái fljótt að aðlagast vinnustaðnum, tileinka sér þau vinnubrögð sem nauðsynleg eru til að skila góðu starfi og vinni í takt við markmið og gildi skólans.
- Vanda skal til viðskilnaðar vegna starfsloka hver svo sem ástæða þeirra er. Leitast skal við að fram fari starfslokasamtal við viðkomandi starfsmann.

Kjaramál

Markmið Menntaskólans við Sund er að búa starfsfólki sínu góð launakjör, starfsskilyrði og starfsaðstöðu. Skólinn greiðir laun samkvæmt kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaganna og stofnanasamninga starfsmanna MS úr viðkomandi stéttarfélagum og í samræmi við þær kröfur sem starfið gerir um hæfni, ábyrgð og álag. Stofnanasamningar kveða á um launaröðun. Skólinn hefur sett sér jafnlaunastefnu og hefur vottað jafnlaunakerfi. Í samræmi við jafnlaunavottun ber að tryggja að þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðun og ákvörðun um auka störf feli ekki í sér kynjamismunun eða aðrar ómálefnalegar forsendur.

Jafnréttisstefna:

Starfsfólk nýtur jafns réttar óháð kyni, aldri, fötlun, kynhneigð, kynþætti, stjórnmalaskoðunum, trú eða þjóðerni. Starfað er eftir jafnréttisstefnu og jafnréttisáætlun skólans. Allt starfsfólk hefur jöfn tækifæri

Nr.: STS-015	Menntaskólinn við Sund	 MENNTASKÓLINN VIÐ SUND
Útgáfa: 01		
Dags.: 15.05.2024		
Höfundur: HSP	Mannauðsstefna	
Samþykkt:		
Síða 2 af 3		

til framgangs í starfi með tilliti til starfshæfni. Starfsfólki skal gert kleift að sinna tímabundinni fjölskylduábyrgð sem skapast af veikindum/áföllum/aðstæðum í nánustu fjölskyldu.

Starfsþróun og starfendarannsóknir:

Lögð skal rækt við að starfsfólk viðhaldi og þrói þekkingu og faglega hæfni þannig að skólinn sé ávallt vel í stakk búinn að veita afburðaðþjónustu við nám og kennslu. Skólinn hvetur til starfsþróunar, býður upp á þróunarstyrki, námsferðir og námskeið og hvetur starfsfólk til þess að miðla af þekkingu sinni og láta gott af sér leiða til skólasamfélagsins / lærdómssamfélagsins í skólanum.

- Starfsfólkssamtöl skulu fara fram einu sinni á ári og er þeim ætlað að stuðla að velferð starfsmanna, bættum starfsárangri og gagnkvæmri upplýsingamiðlun.
- Starfsfólk er hvatt til þess að taka þátt í starfendarannsóknum og öðru þróunarstarfi.
- Stefna MS í erlendu samstarfi er að taka virkan þátt í fjölbreyttum fjölþjóðlegum verkefnum og leitast við að samtvinnna þá þekkingu og nýsköpun sem þar á sér stað, inn í skólasterfið.

Stefna í námi og kennslu:

Menntaskólinn við Sund er bóknámsskóli og býður upp á þriggja ára nám til stúdentsprófs auk þess að bjóða upp á metnaðarfullt og persónumiðað nám á starfsbraut. Markmið skólans er að bjóða fyrsta flokks nám og viðeigandi þjónustu óháð námsbraut og námslínu. Markmið skólans er að byggja upp námskraft nemenda og gera þá að sjálfstæðum námsmönnum. Lögð skal áhersla á fjölbreytta og skapandi kennsluhætti, nýtingu upplýsingatækni í kennslu og góðan tækjakost.

Stjórnunarhættir:

Skólanum er stjórnað á nútímalegan og lýðræðislegan hátt þar sem upplýsingastreymi er virkt og starfsfólk á viðeigandi hlutdeild í ákvarðanatöku. Ákvörðunarvald og ábyrgð stjórnenda gagnvart starfsfólki er vel skilgreind og starfsfólki ljós. Ákvarðanataka miðast við gildandi verklagsreglur skólans. Stjórnendur:

- standa vörð um lögbundinn rétt starfsfólks
- leggja áherslu á jafnrétti
- leggja áherslu á jákvætt viðhorf til starfsfólks
- leggja áherslu á samráð og víðtæka sátt um málefni starfsfólks og störf þess innan skólans.


Starfsumhverfi:

Stefna skólans er að aðbúnaður og vinnuumhverfi starfsfólks sé ætíð viðunandi. Vinnuumhverfi skólans skal samræmast gildandi reglum um vinnuumhverfismál. Til þess að tryggja framkvæmd þessarar stefnu er starfandi öryggisnefnd við skólann sem gefur út öryggishandbókina 112.

Leitast skal við að starfsfólk skólans myndi sterka liðsheild þar sem samskiptin einkennast af heiðarleika, stuðningi og virðingu. Hegðun sem veldur öðrum vanlíðan og óþægindum verður ekki liðin. Í skólanum er til staðar [samskiptasáttmáli](#) ásamt stefnu og [aðgerðaráætlun í EKKÓ málum](#).

Umhverfismál:

Allt starfsfólk skólans skal gæta þess í störfum sínum að vera meðvitað um stefnu skólans í umhverfis- og loftslagsmálum og framfylgja henni. Skólinn hefur sett sér [loftslagsstefnu](#), hefur vottun fyrir

Nr.: STS-015	Menntaskólinn við Sund	
Útgáfa: 01		
Dags.: 15.05.2024		
Höfundur: HSP	Mannauðsstefna	
Samþykkt:		
Síða 3 af 3		

innleiðingu fimm grænna skrefa í ríkisrekstri, færir grænt bókhald og kolefnisjafnar námsferðir erlendis.

Heilsuefling:

Skólinn hvetur starfsfólk til að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl og stuðla þannig að bættri líðan og heilsu. Í þeim tilgangi býður skólinn starfsfólki upp á aðstöðu til líkamsræktar og reiðhjól til afnota á vinnutíma. Mötuneyti skólans leggur áherslu á hollan og góðan mat. Skólinn er þátttakandi í verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli. Skólinn hefur starfandi forvarnarfulltrúa og vinnur samkvæmt forvarnarstefnu.